

# Fundargerð – stjórnarfundur 15. Apríl 2020

## Staðsetning og þáttakendur:

Fundurinn var haldinn á ZOOM og þáttakendur voru eftirfarandi: Kristjana Ósk Jónsdóttir, Bjarni Þór Þórólfsson, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, Ragnar Ómarsson og Þórhildur F. Kristjánsdóttir. Olga Árnadóttir komst ekki vegna tæknilegra örðuleika.

## Dagskrá fundarins:

1. Samþykkja fundargerð síðasta fundar
2. Fréttir úr starfinu
3. Undirbúningur fyrir aðalfund
4. Uppfærð starfsáætlun 2020
5. WGBC - aðild - ferlið að hækka í "emerging" status úr "prospective"
6. Rekstrarmál
7. Annað

## Samþykkja fundargerð:

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

## Fréttir úr starfinu:

Hér að neðan er það helsta sem farið var yfir varðandi fréttir úr starfinu.

- Námskeið um sjálfbærni með lðunni 29. apríl – ókeypis. Ragnar Ómarsson, stjórnarformaður á alveg frumkvæðið af þessu – hefur haldið námskeið um galla í byggingum áður hjá IÐUNNI í gegnum fjarfundarbúnað og það gekk mjög vel, góð þáttaka.
- Ragnar kom líka inn á að ef þetta virkar vel, gæti þetta orðið eitthvað sem Grænni byggð gæti gert reglulega – og skaffað sér streymisbúnað.

- Þórhildur er að fókusera á að vinna við BREEAM viðauka sem er líka samantekt úr niðurstöðum rannsóknarverkefna. Olga Árnadóttir hefur verið að hjálpa Þórhildi með þetta. Það var kynnt að það yrði haldinn BREEAM – fundur 7. maí um fyrstu drög að viðaukanum.
- Rafhjólaviðburður 27 ágúst í samstarfi við Hjólaþæfni og Grænu orkuna, tvö aðildafyrirtæki verða með kynningu: Reykjavíkurborg og Reginn.
- HönnunarMars 24-28 júní, við erum með þar á Hamfarahlýnun – og hvað svo?
- Nordic working group LCA, climate and buildings – þessi vinnuhópur og fundir er Grænni byggð þáttakandi í, HMS heldur í þetta Norræna samstarf og Þórhildur mætir á fundi.
- Við ræddum um sýninguna: Lifum betur – sýning í boði náttúrunnar 18- 20 september. Bjarni nefndi að þetta væri svona: Nice to do, en kannski ekki Need to do, eða have to do. Stjórnin var nokkuð sammála um að þetta væri Nice to do... en kannski ekki alveg í fókus fyrir okkar starfsemi. Ólafur nefnir að kannski er þarna markhópur fyrir Grænni byggð að tengja grænan lífstíl líka inn á Grænni byggingar.
- Fundur með Íslandsbanka á morgun – Bjarni Þór Þórólfsson verður með á fundinum, markmiðið er að kynna okkar starfsemi og vonandi fáum við þau sem aðila í kjölfarið. Fundurinn verður haldinn á Teams. Brynjólfur Bjarnason hjá ÍSB átti frumkvæðið.
- Þórhildur er að vinna með Þóru Margréti Þorgeirsdóttur hjá HMS um möguleg framhaldsverkefni frá rannsóknarverkefnunum 2019, reglulegir fundir um þetta samstarf og verkefni.
- Varðandi Grænni byggð og áherslur eftir Covid19, þá ræddi Þórhildur við stjórnarformanninn, Ragnar og þau ræddu mikilvægi þess að fara í gott viðhald núna á núverandi fasteignum, ef að þörfin fyrir nýjar byggingar dregst saman eitthvað tímabundið. Ragnar er búin að setja sig í samband hér við Ríkiseignir varðandi að það séu sett einhver viðmið varðandi vistvænt viðhald í viðhaldsframkvæmdum. Sólrún hjá þeim var áhugasöm og þau ætluðu að hafa samband. Ragnar fylgir þessu eftir. Ólafur H. Wallevik nefnir að það gæti verið sniðugt að reyna að tengja líka grænar áherslur við sparnað – ekki að þetta þurfi alltaf að vera aukakostnaður, Endurnýta - Endurvinnna- Grænt og ódýrt
- Þórhildur sagði frá því að aðildagjöldin hafa að mestu skilað sér, um 94%, 7 aðilar ekki greitt hingað til.

### Undirbúningur fyrir aðalfund:

Á fundinum er tekinn ákvörðun um að fresta aðalfundi félagsins frá 30.apríl til 11 september. Ragnar var búin að undirbúa bréf á félagsmenn þar sem þetta kemur fram, hann sendir bréfið á Þórhildi sem svo sendir út á félagi.

### Kosning stjórnar

Hér ræddum við að það er kosið um fjögur sæti í stjórn, tveir stjórnarmeðlimir gefa kost á sér aftur, en við þurfum tvö ný framboð. Var aðeins rætt um hvernig stjórnin er samsett. Það hefur oft verið þannig að þeir sem eru í 1. flokki eru með aðila í stjórn, en að það var rætt að það sé mikilvægt að stjórnin spegli alla aðila og aðilaflokka. Rætt var að gott væri að fá fólk úr fjármálageiranum og eða verktakageiranum inn í stjórnina, og gjarnan fólk sem er annað hvort

„doer“ eða „influencer“, einhver sem hefur tíma til þess að gera hluti og vinna aðeins fyrir félagið og svo líka áhrifavaldar. Bjarni Þór Þórólfsson kom inn á að það er líka mikilvægt að skoða tímabil félaga, það þarf mismunandi samsetningar af fólki á mismunandi tímum í þróun félagsins. Það hefur verið gott gengi félagsins að undanfögnu og samstillt stjórn hefur skilað árangri fyrir félagið.

#### Ársreikningur

Ársreikningurinn frá endurskoðenda var kominn og búið að senda hann til stjórnarinnar til yfirferðar. Ragnar er búin að uppfæra skýrslu stjórnar í ársreikningnum og Kristjana Ósk Jónsdóttir er búin að fara yfir reikninginn og gera athugasemdir, þetta hefur verið uppfært af endurskoðenda og ný útgáfa send á stjórnina. Reikningurinn hefur líka verið sendur á skoðunamenn reikninga, þau Aldísi Norðfjörð og Rúnar Gunnarsson. Það þarf að undirrita reikninginn.

#### Ársskýrsla

Lítið var rætt um hana á fundinum. Þórhildur upplýsti um að hér væri komið inn það mesta, en að Elísabet Sara ætti aðeins eftir að kíkja á hönnunina á henni.

#### Uppfærð starfsáætlun:

Þórhildur ræddi aðeins starfsáætlun – drög að henni hafa verið sent út, hún lagði áherslu á þetta með vinnustofu Grænni byggðar að það væri gott að setja form á hana þetta árið.

Einnig er vinnan við bREEAM appendix og að halda upp á 10 ára afmælið, auk þess að koma niðurstöðum rannsóknarverkefna áfram eitthvað sem þarf að vinna vel að á þessu ári. Og svo þetta með WGBC aðildar hoppið. Áætlunin var ekki mikið rædd.

#### WGBC – aðild

Ragnar ræddi að mögulega gæti vinnustofan fjallað um aðkomu aðila að þeim ákvörðunum sem eru varðandi að félagið fari úr „prospective“ yfir í emerging level. Að þetta gæti verið rætt og undirbúið fyrir aðila.

Bjarni og kristjana nefndu að þetta gæti verið of tæknilegt fyrir vinnustofu, kannski ekki allir sem hafa skoðun á þessu. Bjarni nefndi að kannski væri rýnihópur á vegum Grænni byggðar eitthvað sem gæti verið möguleiki hér.

Annars var líka bara rætt að aðilar hafa í dag í raun lítil áhrif á hvað félagið er að gera.

Það ætti að reyna að nýta aðalfundinn betur í að samþykkja stefnu félagsins og bæta og auka lýðræðislega aðkomu að henni. Þetta er líka í þræði við þær kröfur sem WGBC gerir um Green Building Councils, það þarf að vera aðalfundur sem fer með valdið og helstu ákvarðanir eiga að vera teknar þarna. Rætt var að halda vinnustofu um þessi málefni í júní, sem svo gæti kannski endað í lagabreytingartillögum fyrir aðalfund. Þórhildur og Ragnar ætluðu að ræða þetta aðeins áfram og finna lendingu hér. Ræddum að aðildafélögin gætu a.m.k komið að ákveðinni forgangsröðun sem að framkvæmdastjóri væri búin að undirbúa. 20 júní var nefnt sem dagsetning.

## Rekstrarmál:

Elísabet Sara byrjar sem starfsnemi hjá okkur 4. maí í 50% starfi í fjóra mánuði.

Valentina Kaas tilbúin að vinna sem ókeypis starfsnemi. Stjórnarformaður vill ekki að félagið taki inn starfsfólk sem ekki fær nein laun.

Frekar væri að skoða verkefni sem gæti passað fyrir hana og svo séð hvort að hún hefði áhuga – á að vinna það fyrir einhverja upphæð. Það þarf að þróa einhvern skýrari ramma fyrir þetta, þ.e. Starfsmannamál félagsins.

Húsnæðismál – Gróska – og fl

Aðeins rætt, Kristjana Ósk Jónsdóttir tekur stöðuna á Laugarvegi 176 fyrir næsta stjórnarfund. Breytingar á húsnæðismarkaði líklegar, ef leigan í Grósku verður of há, þá þarf að skoða aðra möguleika. Hlutfall framkvæmdastjóra – náðum ekki að ræða þetta.